



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sunnufold

2019 – 2020



*Í Sunnufold gerum við okkar besta við allar aðstæður;
við erum skóli sem lærir með því að gera með öðrum*

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra mat deilda og aðgerðaráætlun	6
2.1	Allar deildir	6
2.2	Allar deildir	7
2.3	Logi	8
2.4	Frosti.....	8
3	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	10
4	Foreldrasamvinna.....	11
5	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	12
6	Fylgigögn.....	13
6.3	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	13
6.3.1	Fylgiskjal 1.....	14
	Samantekt um sérkennslu/stuðning	14
6.3.2	Fylgiskjal 2.....	16
	Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	16
6.3.3	Fylgiskjal 3.....	18
	Umsögn foreldraráðs	18
6.3.4	Fylgiskjal 4.....	21
	Viðburðarskrá 2019-2020	21



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Við erum alltaf að læra og erum þannig alltaf í framrás. Á sama tíma erum við í kyrrstöðu því við erum alltaf að ráða nýtt fólk til starfa. Nú um stundir eru flestir nýliðarnir í starfsmannahópnum ekki með menntun til að starfa við leikskólauppeldi. Við höfum tamið okkur að taka vel á móti fólki og fögnum því að læra með nýju fólki. Það er auðvitað einnig í takt við sáttmála og stefnur borgarinnar.

Við ráðum einnig fólk, sem lærir íslensku með okkur, því það er eðli fjölmenningsamfélags að mörg tungumál heyrist og fólk þarf að fá tækifæri til að læra íslensku. Það er ótrúlega gaman að fylgjast með þegar erlenda samstarfsfólkinu fer fram í íslensku.

Nýliðafræðsla verður stór þáttur starfsins. Það er því ánægjuleg þróun að um þessar mundir vinnum við með þrem öðrum leikskólum að gerð kennslumyndbanda, fyrir starfsfólk um grunnþætti leikskólastarfs. Við gerum myndbönd um samskipti, fimm mínútna regluna okkar og já í 99% tilfella. Nú þegar höfum við gert myndband um grunnaðferðir í samskiptum við börn, allt okkar starf grundvallast af einföldum samskiptaaðferðum sem mikilvægt er að viðhafa alltaf við öll börn. Til verkefnisins höfum við fengið styrki frá Skóla- og frístundasviði og tengjast styrkirnir nýrri menntastefnu. Okkar hugsun er að sjálfsefning starfsfólksins verði með aukinni þekkingu þeirra um starfið, og það skili sér áfram í **sjálfsefningu barnanna**. Þannig notum við kvikmynd, hljóð og textun, á bæði pólsku og ensku, til að kenna vinnubrögð sem eru **gagnreynd** í uppeldi og umönnun barna.

Í vetur höfum við skipulagsdögum okkar þannig að meðfram því að skipuleggja og meta daglegt deildarstarf og samstarf á milli deilda, fræðumst við um tiltekna þætti. Í september fengum við fræðslu um **núvitund**. Hugsunin er að okkur þarf sjálfum að líða vel, í núinu hverju sinni, því þannig styðjum við einnig við vellíðan barnanna. Börn ættu að „lifa núvitund“ sem er þeim eðlislæg, frekar en að þau séu rekin áfram og svo sett í núvitundaræfingar inn á milli dagskrárliða.

Á skipulagsdegi í október fræddumst við um **Orðaspjall**, sem er aðferð sem gengur út á að styðja við **orðaforðanám og orðaskilning** barna. Við notum aðferðina nú þegar en viljum verða skilvirkari. Aðferðin verður notuð á öllum deildum.

Tveir starfsmenn hafa farið á námskeið um **Lubbaverkefni** og verður unnið með það með tveimur elstu árgöngum skólans. Lubbi styður við lærdóm í **íslensku máhljóðunum**.

Við munum áfram vinna með **Blæ, vinaverkefni Barnaheilla**. Því er ætlað að styðja við vináttuhegðun barna en draga úr einelti og áreitni.



Herdís Storgaard verður með **námskeið um slysavarnir** og viðbrögð við slysum í nóvember, fyrir allt starfsfólk. Við leggjum áfram áherslu á að dýpka skilning okkar og vitund um **lykilhugtök Sunnufoldar**. Lykilhugtökin okkar eru **hamingja, málrækt, leikur, heilbrigði og sjálfræði**. Tíminn hefur unnið vel með lykilhugtökunum, merking þeirra samræmist **nýrri menntastefnu borgarinnar**, stefnumörkun um **heilsueflingu** og vaxandi þekkingu um **jákvæða sálfræði**. Í vetur vinnum við með lykilhugtökin þannig að við setjum eitt í einu, efst á bauginn, og samþættum áherslur, því tengdu, öllu starfi okkar. Anna Magnúsdóttir aðstoðarleikskólastjóri, fylgir þeirri vinnu eftir með deildarstjórum.

Nú er fyrsta starfsár Sunnufoldar hafið í tveimur húsum, en í vor var einingin Funi tekin frá og heitir nú Funaborg. Við þökkum starfsfólki þar gott samstarf og óskum þeim velfarnaðar. Það er markmið okkar að námsárið 2019-2020 bjóði upp á aukna samvinnu okkur í Sunnufold þar sem það verður auðveldara að hafa samstarf milli tveggja húsa. Við höldum áfram að vinna að því að börn allra deilda Sunnufoldar fái sambærilegt námsumhverfi og njóti þess sem best verður á kosið hverju sinni.

Við hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs við **foreldrafélögin** sem hafa verið öflug í gegn um árin við að gera margs konar viðburði til gangs og gamans fyrir leikskólastarfið. Foreldrafélögin eru tvö, við sitt hvora eininguna og tengiliður frá leikskólanum fundar með þeim eftir þörfum.

Í **foreldraráði** situr einn fulltrúi foreldra af hverri deild skólans og starfar ráðið með leikskólastjóra. Í vetur munu fulltrúar starfsfólks úr hvoru húsi einnig mæta á fundi til eflingar ráðsins. Fundað er sex sinnum ári.

Í þessum upphafsorðum hafa verið dregnar saman helstu áherslur starfsársins 2019 – 2020. Hér á eftir fylgja vinnuskjöl deilda, nánar um skipulagsdaga og fylgiskjöl. Áætlun þessi er samin samkvæmt lögum um leikskóla. Áætlunin er ekki tilbúin fyrr en foreldraráð hefur samið umsögn sína og fylgir sú umsögn þessu riti.

Það er von okkar allra að starfsárið verði okkur heillaríkt og við náum öll að vaxa og dafna í góðu skjóli Sunnufoldar, sem um þessar mundir fagnar átta ára starfsafmæli.



2 Innra mat deilda og aðgerðaráætlun

Matið var framkvæmt á starfsdegi 18. mars í Frosta. Deildarstarfsmenn sátu saman og fóru yfir áætlun frá hausti og ræddu hvernig hefði gengið og hvar væri umbóta þörf í framhaldinu.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
2.1 Allar deildir						
Aðlögun nýrra barna- Yngri deildir	Gera aðlögun betri fyrir alla	Lagfæra aðlögunaráætlun	Endurskoðað f. júní 2020 byrjað í júní 2019	Deildarstjórar á yngri deildum í samráði við deildarstarfsmenn	Sept. 2019	Skráning á ferli
Þekkingu starfsmanna á lykilhugtökum Sunnufoldar	Styrkja þekkingu starfsmanna á lykilhugtökum Sunnufoldar	Kynning á starfsdegi í júní 2019. Unnið áfram í tímabilum skólaárið 2019-2020	Júní 2019 Átaksverkefni lýkur vor 2020 en áfram verður haldið samt sem áður.	Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri	Sett fram áætlun á hverri deild við upphaf hvers tímabils og endurmetið í lok tímabils	Að starfsmenn þekki Lykilhugtök Sunnufoldar vel og nýti sér þau óspart í starfi og miðli til barna og foreldra.
Þekking foreldra á lykilhugtökum Sunnufoldar	Styrkja þekkingu foreldra á Lykilhugtökum Sunnufoldar	Kynningar settar upp þegar hvert tímabil hefst og látið vera til sýnis á meðan tímabilið stendur.	Skólaárið 2019-2020	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Settar fram myndir sem sýna hvernig við sjáum lykilhugtakið birtast í daglegu starfi leikskólans.	Að foreldrar geti auðveldlega nálgast þekkingu um lykilhugtök Sunnufoldar og nýtt sér í samtölu og samstarfi með börnin sín.
Hópastarf	Samræma tíðni hópastarfs/vinnustunda milli eininga	Rætt á starfsdegi	Hefst 6. september. Stundur skólaárið 2019-2020			
Gönguferðir	Reglulegar gönguferðir til að kynnast náttúru og nærumhverfi, læra reglur í gönguferðum ásamt umferðareglum.	Samræma tíðni. Skilgreina tilgang.	Skólaárið 2019-2020	Deildarstjórar	Endurmat að vori 2020	Reglulegar gönguferðir og að allir þekki sitt hlutverk.



Læsi/Málörvun á eldri deildum	Vinna með læsi	Reglulegar lestrarstundir í litlum hópum, sungið, unnið með Lubbi finnur málbein. Stafirnir sýnilegir í öllu starfi. Setja orð á allt daglegt athafnir, hluti og tilfinningar.	Skólaárið 2019-2020 Þessu lýkur í raun aldrei.	Deildarstjórar Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri Sérkennslustjórar	Skráningar	Allir hafi ánægju af lestrarstundum og að þær séu börnum til gagns.
Læsi/Málörvun á yngri deildum	Vinna með læsi	Reglulegar lestrarstundir í litlum hópum. Daglegar söngstundir. Setja orð á allt daglegt athafnir, hluti og tilfinningar.	Lýkur aldrei	Allir		Endurmeta á deildarfundum. Vera hugmyndaárík til að láta þetta ganga upp.
Leikfangakostur	Margt af leikföngum er orðið ónýtt/illa farið	Fara vel yfir leikfangakost Nýta það sem hægt er. Ganga vel um allan efnivið.	Sumar/haust 2019	Deildarstjórar Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri		

2.2 Allar deildir

Aðlögunarbæklingur

Farið var yfir aðlögunarbækling og ákveðið að búa til tvo í staðinn. Annar þeirra snýr eingöngu að aðlögun barna og því sem henni tilheyrir. Hinn bæklingurinn snýr að því hvert hlutverk leikskóla og hver stýrigögn leikskóla eru auk þess sem í honum eru upplýsingar um hvað þurfi að hafa með í leikskólann og hvað við í Sunnufold teljum vera lykilinn að farsælu leikskólastarfi sem er farsælt samstarf með fjölskyldum í uppeldi barnanna okkar allra.

Lykilhugtök Sunnufoldar

Lykilhugtök Sunnufoldar eru Hamingja, málrækt, leikur, sjálfsefling og heilbrigði. Nú er orðið svolítið síðan við höfðum áherslutímabil á lykilhugtökum Sunnufoldar síðast og teljum við að nauðsynlegt að nýir starfsmenn fræðist um lykilhugtök Sunnufoldar. Ásamt því auðvitað að fastir starfsmenn rifja upp sína þekkingu og aðferðir.

Hópastarf

Hópastarf eða vinnustundir fer fram í báðum einingum og öllum aldurshópum. Hópastarf er reglulegt. Ákveðnir hópstjórar eða kennarar sjá um ákveðna hluta hópastarfsins og framkvæmd þess. Sett er upp gróf áætlun að hópastarfi á hverri deild, í upphafi haustannar og svo aftur vorannar.



Deildarstjórar og starfsfólk eldri deilda annars vegar og deildarstjórar og starfsfólk yngri deilda hafa fundað í sameiningu þvert á einingar og rætt og sett viðmið um tíðni og verkefni í hópastarfi.

Gönguferðir

Tíðni gönguferða í báðum einingum var samræmd á starfsdegi 6. september 2019. Markmiðið er að gönguferðir utan leikskólagarðsins séu einu sinni í viku fyrir hvern hóp. Minnstu börnin fara þó líklega fyrst um sinn í gönguferð í garðinum.

Leikfangakostur

Margt af leikföngum er orðið ónýtt eða, illa farið og kominn er tími á endurnýjun. Það á að fara vel yfir og stefnt er að endurnýjun í haust 2019. Miðað er við að það leikefni sem er í leikskólum sé frábrugðið heimilisleikföngum þó eitthvað af því sé það sama t.d. dúkkur, Lego og Duplo.

2.3	Logi					
Starfsmaður út í útiveru	Vera fljótari að fara út. Ekki hleypa of mörgum út þegar það er bara 1 úti.	Verum snögg út	Strax	Allir	Haust 2019	Öryggi barnanna
Stjörnukot						
Sögustund	Geta lesið í hóp	Vera dugleg að lesa fyrir einstaklinga og litla hópa	Hefst strax. Aldrei lokið	Deildarstjórar	Haust 2019	Að allir hafi ánægju og gagn af lestrarstundum.

Logi

Útiveran Starfsmenn í útveru þurfa að vera snöggir að klæðast útifötum og fara út í garð með börnunum svo ekki myndist biðtími sem skapar oft vandamál. Einnig að tryggja þannig öryggi barnanna og starfsumhverfi starfsmanna.

Stjörnukot -Loga

Að geta lesið í hóp og að allir hafi ánægju af lestrarstundinni er markmiðið. Við förum að því með því að vera dugleg að lesa fyrir einstaklinga og litla hópa. Þessu verkefni er aldrei lokið og á að viðhalda.

2.4	Frosti Álfheimar					
Vinavandamál á deild	Að öllum líði vel í barnahópnum	Poki með vinabókum Poki með vinasöngvum Vinapappírskedja. „nú varstu góður vinur“	Apríl-júní 2019	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Fylgjast vel með, endurtaka þegar þarf.	Að öllum líði vel í barnahópnum og að starfsfólk skilji vel hvað sé verið að framkvæma.



Söngstundir		Hugarkort; hvað er að vera góður vinur. Blær vináttuverkefnið				
	Að starfsmenn séu duglegri að syngja í söngstundum	Syngja meira með þeim	Strax og lýkur þegar söngstundir eru orðnar venjubundnar	Allir	Við sumarfríslok og á deildarfundum	

Álfheimar - Frosti

Það kom upp vinavandamál á deildinni í vetur og vinna við að sporna við því var hafi þegar matið var unnið. Markmiðið er að öllum líði vel í barnahópnum og að þetta sé unnið þannig að starfsfólk skilji vel hvað er verið að framkvæma.

Söngstundir

Eftir því sem árin hafa liðið og kynslóðaskipti hafa orðið á starfsfólki hefur glatast þekking um söngstundirnar okkar. Hver tilgangur þeirra er, hvaða lög og eða þulur henta leikskólabörnum og hvernig laglínurnar eru. Það eru allir ábyrgir fyrir að koma þessu í góðan farveg og við teljum þetta vera kappsmál. Eitt af fimm lykilhugtökum leikskólans er Málrækt og verður tímabilið frá 7. október- 7. janúar tileinkað því tímabili í vetur. Deildarstjórar og starfsfólk eldri deilda annars vegar og deildarstjórar og starfsfólk yngri deilda hafa fundað í sameiningu þvert á einingar og sett niður markmið um ákveðnar þulur til að læra og ákveðnar bækur/sögur að lesa.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Tröllheimar						
Skilgreind ungbarnadeild	Endurskoðun leikrýmis á deildinni í takt við breytingar á húsnæðinu síðastliðinn vetur.		Haust 2019		Á deildarfundum	
Gönguferðir	Fara í gönguferð með börn af deildinni	Færri börn í einu. Hin geta orðið eftir í garðinum	Sumar/haust 2019	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.	Haust 2019	Að fara í gönguferð með börn af deildinni

Gönguferðir

Markmiðið er að fara í gönguferð með börn af deildinni þegar líður á veturinn. Fara með færri börn í einu og hin geta orðið eftir í garðinum í samvinnu við aðrar deildir. Deildarstjórar og starfsfólk eldri deilda annars vegar og deildarstjórar og starfsfólk yngri deilda hafa fundað í sameiningu þvert á einingar og tíðni gönguferða samræmd.



Fundarskipulag í vetur

Deildarfundir og deildastjórafundir verða haldnir þriðju hverja viku í vetur þ.e. á hverri deild. Mánudagar verða fundardagar. Við viljum gæta að jöfnuði og tíðni fundanna. Fundina á að halda þó að þrengt sé að starfinu. Við verðum að geta skipulagt og unnið saman markvisst að góðu leikskólaumhverfi.

Aðstaða til fundarhalds er ekki til staðar nema í rýmum sem einnig eru notuð í annað s.s. skrifstofa þar sem ekki er fundarborð, sal þar sem ekki er fundarborð og kaffistofa sem þarf að vera fyrir starfsfólk. Við munum rýna þessar aðstæður og gera umbætur, haust 2019/vor2020.

Áætlun fyrir námsárið 2019-2020

Allir starfsmenn fara á námskeið í Skyndihjálpi hjá Herdís Storgaard 29. nóvember 2019.

Hópefli verður tvisvar hluti af skipulagsdegi í upphafi námsársins og svo í lokin.

3 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Sunnufold er í samstarfi við Foldaskóla og frístundaheimilið Regnbogaland.

Börn á síðasta ári í Sunnufold fá að kynnst starfinu og húsnæði Foldaskóla með reglulegum heimsóknunum yfir veturinn. Þar fá þau að skoða skólann, sitja með í tíma og taka þátt í íþróttatíma svo fátt sé nefnt. Þessar heimsóknir eru mjög mikilvægar fyrir börnin og sýnir það sig í öryggi þeirra og jákvæðni gagnvart grunnskóla- og frístundaumhverfinu.

Frístundaheimilið heimsækja þau líka einu sinni í mánuði og kynnst þannig umhverfinu þar.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn þann 15. nóvember í ár og af því tilefni kemur 5. bekkur og les fyrir leikskólabörnin.



4 Foreldrasamvinna

Við í Sunnufold leggjum mikla áherslu á góða samvinnu við foreldra og heimili barna. Gott samstarf milli heimilis og leikskóla er sterkur grunnur að því að barninu takist að nýta þau námstækifæri sem leikskólinn býður.

- Kynning fyrir foreldra verður haldin í hvoru húsi fyrir sig 3. október í Loga og 8. október í Frosta.
- Foreldraráð leikskólans skipa einn fulltrúi af hverri deild. Kosið er á foreldrafundi haustsins. Hver fulltrúi situr í tvö ár. Fulltrúar úr starfsmannahópnum funda með ráðinu ásamt leikskólastjóra og hefur umsögn um starfið í leikskólanum. Fundir eru 6-7 yfir skólaárið.
- Foreldrafélög eru starfandi við báðar starfsstöðvar en við hugum að því að hafa eitt félag til að tryggja að börnin í Sunnufold fái jafnari tilboð um framlag foreldra inn í leikskólastarfið.
- Boðið er upp á foreldrasamtöl einu sinni til tvisvar á ári.
- Að auki eru foreldrar elstu barna boðaðir í samtali vegna niðurstaðna úr Hljóm-prófinu sem athugar stöðu hljóðkerfisvitundar barnanna.



5 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Sunnufold eru eftirfarandi

6. september Starfsdagur í Sunnufold

- Fyrirlestur um hlutverk leikskóla út frá Lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla.
- Unnið að áætlun fyrir haustönn
- Söngstundir- fræðsla um tilgang og mikilvægi starfsmanna og gleði í þessum stundum.
- Farið yfir hópstarfsskipulag, samræmd tíðni milli húsa og einnig tíðni gönguferða

2. október Sameiginlegur starfsdagur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

- **Aðferðirnar okkar**
- Endurmat á lykilhugtakinu Hamingja þar sem tímabilinu lýkur 4. október
- **Húsfundir og skipulag á deildum.**

29. nóvember Starfsdagur í Sunnufold

- Skyndihjálparnámskeið – allir starfsmenn komnir til starfa fyrir veturinn
- **Undirbúningur fyrir jólagleði**
- **Áætlun vegna lykilhugtaksins *Leikur sem námsleið barna sem hefst 8. janúar.***
 - Fræðsla um leikgerðir og hlutverk kennara í leik.
 - Hvaða möguleika hefur mín deild? Hvað er leikefni?
 - Munur á leikföngum heima og í leikskóla?
 - Leikföng að heiman

7. febrúar Sameiginlegur starfsdagur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

Endurmat á lykilhugtakinu Málrækt þar sem tímabilinu lýkur 7. janúar

Umfjöllun um sjálfraði í tengslum við lykilhugtakið okkar sem hefst 2. mars

30. mars Starfsdagur í Sunnufold

Endurmat eftir veturinn og áætlanavinna.

11. maí Sameiginlegur starfsdagur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi

Hópefli

Skerping á lykilhugtakinu Heilbrigði sem hefst 4. maí og áætlanagerð.



6 Fylgigögn

6.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

6.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

6.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



6.3.1 Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	3	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	4	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	8	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	6	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Miðgarður, GRR, grunnskólar, frístund
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Niðurstöður innra mats

Samkvæmt niðurstöðum innra mats erum við að vinna að öllum þáttum sérkennslu en skortur á fagfólki hefur sett okkur skorður, þannig að sérkennslustjóra hefur ekki unnist tími til að fylgja málum eins vel eftir og best væri. Fram kemur að við viljum efla fræðslu til starfsmanna og gera einstaklingsáætlun virkari í öllu starfinu með börnunum.



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla þekkingu starfsmanna á einstaklingsáætlun	Meiri þekkingu ófaglærðra starfsmanna	Fagmenn miðla þekkingu og handleiða starfsmenn	September 2019	Sérkennslustjóri	Umræðumat með deildarstjórum og sérkennslustjórum vor 2020	Að þekking starfsmanna hafi aukist
Efla nýtingu einstaklingsáætlana í daglegu starfi	Meiri þekking alla deildarstarfsmanna á einstaklingsnámskrám sérkennslubarna og virkari þátttaka allra í settum markmiðum	Fræðsla á deildarfundum og handleiðsla frá fagmönnum	Október 2019	Sérkennslustjóri	Umræðumat með deildarstjórum og sérkennslustjórum vor 2020	Að nýting áætlana hafi aukist

Einstaklingsáætlanir

Notkun einstaklingsáætlana í daglegu starfi með börnum sem þurfa einhvers konar stuðning hefur gefist vel. Þar eru markmið hvers barns sem þarf stuðninginn bútuð niður innan daglegs starfs og gerð vel skiljanleg fyrir þann fjölbreytta hóp starfsmanna sem starfar með leikskólakennurum í leikskólanum. Þannig hámarkast árangur þeirrar vinnu að fylgja einstaklingsáætlun.



6.3.2 Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Niðurstöður innra mats

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Orðaspjall Myndrænn stuðningur /stýrispjöld Orð á athafnir 10 mínútna reglan Lestur bóka söngur
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Myndrænn stuðningur /stýrispjöld 10 mínútna reglan Lestur bóka Söngur Orð á athafnir Persónumöppur Mánaðardagatal Dagskipulag
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	Orðaspjall vettvangsferðir, lestur, daglegt spjall
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	



Umbótaþættir Annað móðurmál en íslenska	Markmið með umbótum	Aðferðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skilgreina snemmtæka íhlutun gagnvart tvítyngi/fjöltyngi	Markviss vinna í snemmtækri íhlutun	10 mínútnareglan Orð á athafnir Lestur bóka	Námsárið 2019-2020	Sérkennslustjórar	Umræðumat með deildarstjórum og sérkennslustjórum vor 2020	Skráningar á vinnu Með þessum börnum.



6.3.3 Fylgiskjal 3

Umsögn foreldraráðs

Hér fylgir umsögn foreldraráðs Sunnufoldar um þessa áætlun, sem dregin er saman í upphafsorðum leikskólastjóra fremst í þessu riti.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Olga Dís Þorvaldsdóttir fyrir Tröllheima

Rakel Rós Ólafsdóttir fyrir Álfheima

Valdís Jónsdóttir fyrir Hulduheima

Trausti Friðbertsson Mánakoti

Um starfsáætlanir leikskóla



Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi



Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



6.3.4 Fylgiskjal 4

Viðburðarskrá 2019-2020

Þessi viðburðarskrá er ekki tæmandi og við ákveðum fleiri viðburði með stuttum fyrirvara og látum foreldra vita af þeim.

Ágúst

- 7. ágúst, opnum allar starfstöðvar klukkan 12:30 eftir sumarfrí.
- 13. ágúst hefjast aðlaganir nýrra barna í Loga og 15. ágúst í Frosta.

September

- 6. september heill skipulagsdagur


Október

- 2. október skipulagsdagur -sameiginlegur með grunnskólum
- 8. október Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Frosta 19:30
- 10. október Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Loga 19:30
- 9. október, afmæli Sunnufoldar, 8 ár frá stofnun.
- 11. október, bleikur dagur.
- 25. október, alþjóðlegur bangsadagur er 27. október – Bangsaball.

Nóvember

- 8. nóvember, baráttudagur gegn einelti. Verum góð hvert við annað, það er bannað að stríða og skilja útundan. Ræðum þau mál saman og með börnunum.
- 8. nóvember appelsínugulur dagur
- 15. fögnum við degi íslenskrar tungu sem er þann 16. nóvember. Börn úr Foldaskóla koma og lesa fyrir leikskólabörnin.
- 20. nóvember, dagur mannréttinda barna, barnréttinda.
- 29. nóvember skipulagsdagur í Sunnufold

Desember

- Nánar um desemberdagskrá kemur síðar, m.a. um starf í boði foreldrafélaganna, piparkökumálun og/eða föndur.
- 6. desember, foreldrakaffi. Nánar auglýst síðar.
- 12. desember Jólasveinahúfudagur
- Stekkjastaur kemur til byggða 
-
- 17. desember, jólaball í Loga. Nánar auglýst síðar.
- 18. desember, jólaball í Frosta. Nánar auglýst síðar.
- 20. desember, rauður dagur.



Janúar

- 6. janúar, Prettándinn, síðasti dagur jóla skv. íslenskri jólahefð. Gengið frá jólaskrauti og jólin sungin út.
- 17. janúar Fjólublár dagur
- 24. janúar. Bóndadagur og þorralót í Sunnufold. Gamlar matarhefðir sem tengjast þorra og föndur tengt þorranum.

Febrúar

- 6. febrúar, Dagur leikskólans. Við höfum samtalið við börnin um leikskólann og hvað þau vilja að leikskólinn sé fyrir þau. Matsspurningar sem má nota til umbóta í starfinu ræddar með börnunum.
- 7. febrúar, skipulagsdagur allan daginn. Sameiginlegur með grunnskólum.
- 21. febrúar. Ömmu-og afakaffi
- 24. febrúar Bolludagur. Bolluvendir föndraðir og fiskbollur og rjómbollur borðaðar.
- 25. febrúar Sprengidagur. Saltkjöt og baunir að íslenskri hefð.
- 26. febrúar Öskudagur. Við höfum búningaball og sláum köttinn úr tunnunni
- 17. febrúar -30. mars taka elstu börn þátt í myndlistasmiðju í Myndlistaskólanum í Reykjavík

Mars

- 13. mars grænn dagur
- 17. febrúar -30. mars taka elstu börn þátt í myndlistasmiðju í Myndlistaskólanum í Reykjavík
- 30. mars, skipulagsdagur allan daginn.

Apríl

- 2. apríl, dagur einhverfu, blár dagur í Sunnufold.
- Páskaleyfi 9.-13. apríl
- 8. apríl Gulur dagur
- 23. apríl, Sumardagurinn fyrsti. Leikskólinn er lokaður.
- 21. apríl-26. apríl Barnamenningarhátíð

Maí

- 1. maí
- 11. maí Skipulagsdagur sameiginlegur með grunnskólum
- 15. maí skræpóttur dagur
- 21. maí Uppstigningardagur. Lokað.
- 29. maí Útskrift elstu barnanna

Júní

- 1. júní annar í Hvítasunnu. Lokað.
Sumarstarf

Júlí Sumarlokun verður í 4 vikur. Nánar tilkynnt síðar

Gleðilegt starfsár, starfsfólk Sunnufoldar.



